

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Á tollskránni í 1. gr. frv. eru gerðar þessar breytingar:
 - a. Nr. 06.02.09 orðast svo:

Annað	40%
-------------	-----
 - b. Nr. 12.03.09 orðast svo:

Annað	20%
-------------	-----
 - c. Nr. 13.03.02 orðast svo:

Lakkrisextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrisextrakt á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
--------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----
 - d. Nr. 15.07.83 orðast svo:

Jarðhnetuolía	30%
---------------------	-----
 - e. Nr. 15.07.89 orðast svo:

Kókosolía	30%
-----------------	-----
 - f. Nr. 15.07.91 orðast svo:

Pálmakjarnaolía	30%
-----------------------	-----
 - g. Nr. 15.12.01 orðast svo:

Úr jurtaríkinu	30%
----------------------	-----
 - h. Nr. 17.01.25 orðast svo:

Púðursykur	0
------------------	---
 - i. Á eftir nr. 20.07.01 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

20.07.02 Óáfeng vín, samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
--------------------------------------------------------------------------------------------	-----
 - j. Á eftir nr. 39.01.05 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

39.01.06 Límbönd (tape)	35%
-------------------------------	-----
 - k. Á eftir nr. 39.02.05 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

39.02.06 Límbönd	35%
------------------------	-----
 - l. Á eftir nr. 39.03.25 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

39.03.26 Límbönd	35%
------------------------	-----
 - m. Á eftir nr. 39.05.02 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

39.05.03 Límbönd	35%
------------------------	-----
 - n. Á eftir nr. 48.07.24 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

48.07.25 Límbönd	30%
------------------------	-----
 - o. Nr. 48.16.02 orðast svo:

Pappirspokar margfaldir til umbúða, að flatarmáli 0,2 m ² og þar yfir útflattir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----
 - p. Nr. 84.61.02 orðast svo:

Blöndunartæki, samsett og ósamsett, og lausir hlutar til þeirra	60%
-----------------------------------------------------------------------	-----
 - q. Nr. 84.61.09 orðast svo:

Annað	35%
-------------	-----
 - r. Nr. 88.02.01 orðast svo:

Flugvélar og svifflugur	0
-------------------------------	---
2. Töluliður 15 í 3. gr. laganna orðast svo:

Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
3. Aftan við 40. gr. frv. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Meðan endurskoðun á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum fer fram, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald af vöru samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, sbr. 1. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, ef hann telur lækkun aðflutningsgjalda samkvæmt 1. gr. laga þessara hafa orðið þess valdandi, að varan beri eftir breytinguna of hátt framleiðslugjald miðað við aðflutningsgjald af sams konar vöru innfluttri.